

Fornleifaskráning Patreksfirði

Verndarsvæði í byggð



Atli Rúnarsson

NV nr. 16-22

Maí 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Maí 2022
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 16-22	Verknúmer: 616	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning Patreksfirði Verndarsvæði í byggð		Blaðsíður: 51
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Vesturbyggð
Útdráttur Fornleifaskráning vegna verndarsvæðis í byggð á Patreksfirði		
Lykilorð íslensk: Verndarsvæði í byggð. Fornleifaskráning		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Patreksfjörður
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: MHH/KSR

EFNISYFIRLIT


1. INNGANGUR.....	3
2. AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS.....	4
3. AÐFERÐAFRÆÐI	4
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	5
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	6
4. SAGA PATREKSFJARÐAR	7
4.1 GEIRSEYRI.....	7
4.2 VATNEYRI.....	9
4.3 KAUPTÚNIÐ PATREKSFJÖRÐUR.....	10
6. HEIMILDASKRÁ	Error! Bookmark not defined.
7. FORNLEIFASKRÁ.....	13
8. NIÐURSTÖÐUR.....	35
9. HLUTVERK OG TEGUND MINJA.....	36
9.1 HÚS OG HÍBÝLI	36
9.2 MATJURTAGARÐAR OG GARÐLÖG.....	37
9.3 KIRKJUGARÐAR.....	37
11. HEIMILDASKRÁ.....	38
12. SKRÁR.....	39
13. KORT	49

1. INNGANGUR

Að beiðni Vesturbyggðar réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna Verndarsvæðis í byggð á Patreksfirði. Við mat á varðveislugildi byggðar skal sveitarstjórn m.a. líta til heildarásýndar byggðar og huga að samspili ólíkra þátta í umhverfinu. Líta skal til einkenna byggðar sem eiga sér sögulegar forsendur og tengst geta atvinnusögu, búsetuháttum og menningarlífi á tilteknum stað.¹

Verndarsvæðið er að mestu innan lands Vatneyrar og að örlitlum hluta innan lands Geirseyrar. Lítið er eftir af eiginlegum fornleifum á svæðinu og eru langflestar minjarnar skráðar eftir heimildum, aðallega þá kortum, rituðum heimildum og ljósmyndum. Húsaskráning var gerð á verndarsvæðinu árið 2019 af GINGI teiknistofu og þar er að finna greinagóða lýsingu og sögu á þeim húsum sem enn standa á svæðinu.²

Atli Rúnarsson sá um fornleifaskráningu á vettvangi fyrir hönd fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða og fór vettvangsskráning fram þann 5. maí 2022. Atli sá einnig um skýrslugerð og kortagerð.



Mynd 1 - Staðsetning verndarsvæðisins er merkt með stjörnunni

¹ Reglugerð um verndarsvæði í byggð, 2016, bls. 1

² Sjá: GINGI teiknistofa, 2019

2. AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS

Verndarsvæðið er að mestu leiti innan jarðarinnar Vatneyrar, einungis austasti hluti þess er innan Geirseyrar. Í austri hefst verndarsvæðið við Patreksfjarðarkirkju og kirkjugarð og heldur áfram í vestur eftir Aðalstræti að Salthúsinu. Eldri hluti Strandgötu er einnig innan svæðisins sem og Bjarkargata, Túngata og Urðargata.



Mynd 2. Verndarsvæðið er innan gulu línunnar á loftmyndinni

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

Einungis ein fornleifaskráning hafði áður verið gerð á svæðinu og var hún gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2000.³

³ Orri Vésteinsson, 2000

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2763 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2763-001.

4. SAGA PATREKSFJARÐAR

Kauptúnið Patreksfjörður var oft, og er enn, kallað Eyrar en það er vegna þess að það stendur á því svæði sem áður voru jarðirnar Geirseyri og Vatneyri. Umrætt verndarsvæði er að mestu leyti á landi Vatneyrar, þó er ekki hægt að skrifa sögu Vatneyrar án þess að fjalla einnig um Geirseyri, enda jarðirnar nátengdar, og byggðist Vatneyri upp frá Geirseyri.

Patreksfjörður er syðstur hinna eiginlegu Vestfjarða og þar var að finna einu náttúrulegu höfnina í gamla Rauðasandshreppi, aðkoma fyrir skip var greið og eyrin myndaði náttúrulegt skjól fyrir hafáttum.

Norðurströnd Patreksfjarðar var í landnámi bræðranna Þorbjarnar Tálkna og Þorbjarnar Skúma og var fyrsta byggð í núverandi Patrekshreppi á Geirseyri og átti hún allt landið sem hreppurinn nær yfir.⁴

Hér á eftir verður farið yfir sögu jarðanna Geirseyrar og Vatneyrar og svo loks yfir sögu kauptúnsins Patreksfjarðar.

4.1 GEIRSEYRI

Jörðin Geirseyri var í eigu Björns ríka Þorleifssonar, og var hennar getið í skiptagerningi eftir hann árið 1467.⁵ Einhverjar deilur hafa svo orðið um jörðina eftir fráfall Björns, en næst var jarðarinnar getið í eignaskiptabréfi bræðranna Þorleifs og Einars Björnssona frá 1480 og fjallaði það um erfðadeilur þeirra bræðra eftir að móðir þeirra, Ólöf Loptsdóttir féll frá.⁶ Næst var minnst á Geirseyri í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá var fallinn frá. Þá var jörðin metin á þrjátíu hundruðir.⁷

Eitthvað virðast erfðadeilur um Geirseyri hafa haldið áfram en í bréfi frá 1517 var sagt frá því að Bjarni Andrésson gæfi Helgu Gísladóttur til ævinlegrar eignar jörðina Geirseyri með tíu kúgildum, og skrifaði Ari Guðlaugsson prestur bréfið sem vitni af samkomulagi þeirra og þar sagði einnig að hann gæfi henni Geirseyri til frjálsar notkunar frá sér og sínum erfingjum til Helgu og hennar erfingja.⁸ Í bréfi frá 1521 vottaði Ormur nokkur

⁴ Jóhann Skaptason, 1959, bls. 132

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 46-53

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 254-255

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 267

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 639

Tumason um það sama og Ari prestur gerði,⁹ en í bréfi frá 1525 segir Guðrún Björnsdóttir að hún hafi fengið þrjátíu hundruðir í Geirseyri sem hluta af sinni heimanfylgju og ætti þar með tilkall í hluta jarðarinnar.¹⁰

Næst var sagt frá Geirseyri í eignaskiptabréfum frá 1556¹¹ og 1557¹² og í Reikningakveri Eggerts Hannessonar árin 1570-1571.¹³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að á Geirseyri hafi verið bænhús sem var fyrir löngu eyðilagt og var jörðin metin 20 hundruð, að frátekinni Vatneyri. Jörðin var þá í eigu Ívars Þórólfssonar, Jóns Erlendssonar og barna Jóns Jónssonar í Vatnsdal, og Bjarni Egilsson bjó á hluta jarðarinnar og Ívar Þórólfsson á sínum hluta. Landskuldin og leigukúgildin á hluta Ívars voru ekki skrifuð þar sem hann bjó þar sjálfur en landskuldin af hluta Jóns Erlendssonar voru 4 vættir 2 fjórðungar. Af hluta barna Jóns Jónssonar var landskuldin 1 vætt 1 fjórðungur og borgaðist skuldin í fiski á Eyri. Við til húsbygginga lagði leiguliðinn. Leigukúgildin voru á hluta Jóns Erlendssonar 4 og á hluta barna Jóns Jónssonar 1 og var leigan greidd með fiski eða smjöri. Engar kvaðir voru á jörðinni.

Þegar jarðabókin var skrifuð voru samtals á Geirseyri 6 kýr, 2 kvígur, 41 ær, 25 geldir sauðir, 19 gemlingar og 1 hestur. Rifhrís var sagt mjög lítið og silungsveiði lítilsháttar, nýttist hún aðeins til beitu, en hrognkelsataka var góð á milli krossmessu og sumarmála. Heimræði var þar áður en fiskur lagðist frá fjörðum. Veturinn 1703 hafði Geirseyrartún hlotið stóran skaða af árhlaupi, einnig var sagt að það væri hættulegt að búa í bænum vegna voða af ána og að það yrði að flytja bæinn.¹⁴

Í jarðabók Johnsen frá 1847 var Geirseyri enn metin að 20 hundruðum í dýrleika og landskuldin var 1, kúgildi 5 og ábúendur voru 1 leigjandi,¹⁵ en í Ný jarðabók fyrir Ísland frá 1861 var Geirseyri metin á 15.8 hundruðir.¹⁶

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 823-824

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 270-271

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 152

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 175-176

¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 484 & 488

¹⁴ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 333

¹⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 183

¹⁶ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 74

4.2 VATNEYRI

Eins og fyrr segir byggðist Vatneyri upp frá Geirseyri og verslað hefur verið þar frá miðöldum, jafnvel fyrr, en elsta heimild um Vatneyri er reikningsyfirlýsing frá 1570 þar sem segir frá þýskum skipstjóra sem greiddi kaupmanninum skipstolla af Vatneyri.¹⁷ Á Vatneyri var góð náttúruleg höfn og hrein innsigling og staðsetningin var góð fyrir verslun við næstu sveitir.



Mynd 3 - Ljósmynd af Vatneyri tekin fyrir aldamótin 1900

Vatneyri er stór, slétt malareyri, sem gengur fram á fjörðinn fyrir utan Geirseyri og myndar þar allbreiða vík sem er hin besta höfn í öllum veðrum. Þar var einnig frá náttúrunnar hendi eitt af bestu saltfiskverslunarpláss á Vestfjörðum. Eyrin var grasi gróin og Vatneyrartúnið var á henni til skamms tíma, en fremst á eyrinni voru fiskreitirnir, þar sem saltfiskurinn var þurrkaður.¹⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að Vatneyri væri byggt í heimalandi Geirseyrar og að jörðin væri 10 hundruðir úr Geirseyri og að eitt fyrirsvar væri fyrir báðar jarðirnar. Bæirnir og túnin voru aðskild en engi, hagar og önnur hlunnindi voru óskift. Eigendurir voru Bjarni Þórólfsson, sem átti 5 hundruðir, og Kristín Stulladóttir átti hin 5 hundruðin. Leigukúgildin munu hafa verið 4 vættir af hverjum 10 hundruðum í Geirseyri og Vatneyri, ef jörðin væri í útleigu, og var leigan borguð í smjöri eða fiski á Eyri. Landskuldin var einnig 4 vættir af hverjum 10 hundruðum í Geirseyri og Vatneyri og hafði verið þannig svo lengi sem elstu menn mundu. Kristín greiddi sína landskuld í fiski á Eyri en ekki var minnst á hvernig Bjarni greiddi sinn hluta. Engar kvaðir voru á jörðinni og þar voru 3 kýr, 17 ær, 5 geldir sauðir og 3 gemlingar. Túnin gátu fódrað 2 kýr, 1 ungnaut og 4 lömb. Þar er einnig tekið fram að fullorðnu fé var ætlaður útigangur, sem var í betra lagi í hlíðum en ef hann myndi bresta þá myndi féð deyja. Þegar jarðabókin var skrifuð bjuggu 8 manns á Vatneyri.¹⁹


¹⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 511-512

¹⁸ Kristján Jónsson, 1942, bls. 106 & Jóhann Skaptason, 1959, bls. 131

¹⁹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 332

Í Sóknarlýsingum Vestfjarða frá 1840 var sagt að á Vatneyri væri kauptún með þremur timburhúsum.²⁰ Föst verslun hófst á Vatneyri árið 1788 og verður henni gert betri greinaskil í næsta kafla.


Í Jarðabók Johnsen frá 1847 var Vatneyri í bændu eign og dýrleikinn talinn 10 hundruðir, landskuldin 0,8, kúgildin voru 4 og ábúendur voru 1 eigandi,²¹ en í Ný jarðabók fyrir Ísland frá 1861 var jörðin metin á 11.6 hundruðir.²²



Mynd 4 - Uppdráttur af verslunarlóðinni á Vatneyri frá 1766

4.3 KAUPTÚNIÐ PATREKSFJÖRÐUR

Föst verslun á Vatneyri hófst á Vatneyri árið 1788 eftir að fríhöndlunin tók við af einokuninni, og var Patreksfjörður talinn meðal löggiltra verslunarstaða í konungsboðum 1816 og 1836.²³ Á árunum 1860-1870 hóf Markús Snæbjörnsson, eigandi og ábúandi



Mynd 5 - Vatneyri árið 1886, myndin er tekin úr skonortuni Díönu

Geirseyrar, lítilsháttar verslun á Geirseyri en þá var bærinn töluverðan spöl frá sjónum og var þá fyrst verslað í hjalli við sjóinn og á hann að hafa verslað fyrst og fremst við franska sjómenn. Skömmu fyrir 1880 hafði Markús reist verslunarhús við sjóinn og keypt skonnortu til millilandaverslunar, hann reisti líka tvílyft íbúðarhús hlaðið úr íslenskum steini og var það fyrsta steinhúsið á Vestfjörðum. Um 1885 voru þá tvær verslanir í Patreksfirði, á Geirseyri og Vatneyri. Á Geirseyri voru þá engin hús nema steinhús Markúsar, eitt lítið timburhús og þrír eða fjórir torfkofar. Á þessum tíma rak Sigurður Bachmann, eigandi og ábúandi Vatneyrar, þar verslun. Þá var á Vatneyri eitt fornt timburhús, notað til íbúðar og verslunar, og annað í smíðum. Auk þess voru fjórir eða

²⁰ Sóknarlýsingar Vestfjarða - I. Barðastrandasýsla, 1952, bls. 214


²¹ J. Johnsen, 1847, bls. 183

²² Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 74


²³ Jón Guðnason, 1993, bls. 22

fimm torfbæir sem búið var í. Á síðasta áratug 19. aldar brunnu hús Bachmanns á Vatneyri og byggði hann þá nýtt íbúðarhús og sölubúð sem hann seinna seldi Pétri J. Thorsteinssyni á Bíldudal ásamt jörðinni.²⁴

Undir lok 19. aldar fjölgaði íbúum Patreksfjarðar til muna, þeir voru 35 árið 1870 en 372 árið 1901 og allir þeir sem undu ekki hag sínum í sveitunum í kring fluttust til Patreksfjarðar í von um að geta bætt afkomu sína. Þar reis smá saman upp þorp sem byggðist upp á annarri atvinnu en var þekkt í sveitinni. Hagsmunir sveitarinnar og þorpsins fór ekki alltaf saman og var þá tekið



Mynd 7 - Hluti af uppdrætti Samúels Eggertssonar af Vatneyri frá 1896.



Mynd 6 - Verndarsvæðið á korti frá 1913

²⁴ Kristján Jónsson, 1942, bls. 106-110

til þess ráðs að Rauðasandshreppi hinum forna var skipt í tvö sveitarfélög árið 1907, Rauðasandshrepp, sem tók yfir sveitina, og Patrekshrepp, sem náði yfir kaптúnið.²⁵



Eins og Jón Skaptason orðaði það þá ber kaupstaðurinn Patreksfjörður engar minjar um að þar hafi verið kaupstaður á fyrri öldum, tímans tönn hefur afmáð þau litlu verksummerki sem kaupstaður liðinna alda kann að hafa skilið eftir.²⁶

²⁵ Jón Guðnason, 1993, bls. 22-23

²⁶ Jóhann Skaptason, 1959, bls. 133

6. FORNLEIFASKRÁ 1

Númer: 2763-001

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 270184.2 N: 575565.0

Lengd: 32m

Breidd: 20m

Hæð veggja:

Ástand: Heillegar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Við Patreksfjarðarkirkju.

Minjalýsing: Kirkjugarðurinn við Patreksfjarðarkirkju.

Kirkjan var byggð 1904 og er elsta merкта gröfin í kirkjugarðinum frá sama ári og yngsta merкта gröfin frá 1959. Töluverður fjöldi af ómerktum gröfum í kirkjugarðinum.



Mynd 9 - Kirkjugarðurinn við Patreksfjarðarkirkju



Mynd 10 - Elsta merкта gröfin í garðinum

2**Númer:** 2763-002**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Staðsetning:** A: 270078.6 N: 575692.1**Lengd:** 10.5m**Breidd:** 5.7m**Hæð veggja:****Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Í hlíðinni ofan við Aðalstræti 45, gervihnattardiskur NV við garðinn og rabbabarabeð.

Minjalýsing: Matjurtagarður, sjáanlegar fjórar beðasléttur, ekki hlaðið í kringum hann. Matjurtagarðurinn sést á loftmynd frá 1958.



Mynd 11 - Matjurtagarðurinn


3

Númer: 2763-003**Hlutverk:** Jarðræktarsvæði**Tegund:** Matjurtagarður**Staðsetning:** A: 269825.6 N: 575849.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Lengd:** 20m**Breidd:** 18m**Hæð veggja:** 0.3 – 0.5m**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í hlíðinni ofan við bílastæðið á milli húsanna Urðargata 8 og 12.

Minjalýsing: Matjurtagarður, hlaðið í kringum hann úr grjóti sem er orðið grasivaxið. Matjurtagarðurinn hefur verið tvískiptur og suður og austurhlið hans er horfin.



Mynd 12 - Matjurtagarðurinn



Mynd 13 - Uppmæling af matjurtagarðinum

4

Númer: 2763-004**Hlutverk:** Landamerki / lóðamörk**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 269768.2 N: 575883.8**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Lengd:** 12.4**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 0.1 – 0.4m**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í hlíðinni aftan við Urðargötu 18.

Minjalýsing: Landamerkjagarður / lóðamörk hlaðið úr grjóti. Einföld röð af steinum og girðingastaurar og laus vír standa uppúr hleðslunni sem er að mestu hulin gróðri. Ekki er víst að um eiginlegar fornleifar sé að ræða.



Mynd 14 - Landa/lóðamarka hleðslan er vel hulin gróðri.

5

Númer: 2763-005**Sérheiti:****Hlutverk:** Híbyli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 270131.0 N: 575601.2**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Húsið var staðsett þar sem nú er bílastæði fyrir Patreksfjarðarkirkju.

Minjalýsing: Húsið sést á loftmynd frá 1958 en hefur nú verið rífið.



Mynd 15 - Húsið er merkt með rauðum hring á loftmynd frá 1958.

6

Númer: 2763-006**Sérheiti:****Hlutverk:** Skemma/skúr**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 270140.1 N: 575610.8**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Skemman/skúrin var staðsett þar sem nú er bílastæði fyrir Patreksfjarðarkirkju.



Mynd 16 - Skemman/skúrin er merkt með rauðum hring á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Skemma/skúr sem sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958 en hefur nú verið rífið og bílastæði komið í staðinn.

7

Númer: 2763-007**Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 270111.2 N: 575669.5**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Matjurtagarðurinn var við austurhlið Aðalstrætis 47a sem var byggt 1938.



Mynd 17 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inná loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Matjurtagarður sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Þar sem upphafleg notkun hússins var smíðahús þá telst ólíklegt að matjurtagarðurinn hafi verið þar frá upphafi og flokkast ekki sem eiginlegar fornleifar.

8

Númer: 2763-008**Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269996.4 N: 575707.3**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Matjurtagarðurinn var bakvið Strandgötu 19.

Mynd 18 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Matjurtagarður sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Strandgata 19 var byggð árið 1897 og er mögulegt að garðurinn hafi fylgt skömmu seinna.

9

Númer: 2763-009**Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269981.5 N: 575724.7**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Matjurtagarðurinn var bakvið Strandgötu 17a.

Mynd 19 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Matjurtagarður sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Strandgata 17a var byggð árið 1900 og er mögulegt að garðurinn hafi fylgt skömmu seinna.

10**Númer: 2763-010****Sérheiti:****Hlutverk:** Skemma/skúr**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269928.2 N: 575706.8**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Skúrinn var aftan við Strandgötu 13.

Minjalýsing: Skúr sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Strandgata 13 var byggð árið 1932 og sennilegt að skúrinn hafi fylgt skömmu seinna.



Mynd 20 - Skúrinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

11**Númer: 2763-011****Sérheiti:****Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269895.3 N: 575709.4**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Húsið stóð þar sem nú er auð lóð Strandgötu 9a.



Mynd 21 - Húsið merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Hús sem nú er horfið en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

12

Númer: 2763-012**Sérheiti:****Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269881.2 N: 575710.2**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Húsið stóð aftan við Strandgötu 7.**Minjalýsing:** Hús sem nú er horfið en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

Mynd 22 - Húsið merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

13

Númer: 2763-013**Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 270002.7 N: 575763.3**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Matjurtagarðurinn var í hlíðinni aftan við Aðalstræti 33.

Mynd 23 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Matjurtagarður sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Aðalstræti 33 var byggt árið 1935 og sennilegt að matjurtagarðurinn hafi fylgt skömmu seinna.

14

Númer: 2763-014**Sérheiti:****Hlutverk:** Varnargarðurur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269948.5 N: 575770.5**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Varnargarðurinn var vestan við Aðalstræti 31.

Mynd 24 - Varnargarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Varnargarðurur sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

15

Númer: 2763-015**Sérheiti:****Hlutverk:** Varnargarðurur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269933.6 N: 575778.2**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Varnargarðurinn var í hlíðinni ofan við bílastæðið við Aðalstræti 27.

Mynd 25 - Varnargarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Varnargarðurur sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

16**Númer: 2763-016****Sérheiti:****Hlutverk:** Híbyli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269926.4 N: 575761.2**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Húsið stóð þar sem nú er bílastæði við Aðalstræti 27.




Mynd 26 - Húsið merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Hús sem nú er horfið en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

17**Númer: 2763-017****Sérheiti:****Hlutverk:** Skemma / skúr**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269923.0 N: 575767.5**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Skemman/skúrin stóð þar sem nú er bílastæði við Aðalstræti 27 og hefur staðið aftan við 2763-016.



Mynd 27 - Skemman/skúrin merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

Minjalýsing: Skúr sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

18**Númer: 2763-018****Sérheiti:****Hlutverk:** Skemma / skúr**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269916.0 N: 575769.3**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Skemman/skúrin stóð þar sem nú er bílastæði við Aðalstræti 27 og hefur staðið aftan við 2763-016.



Mynd 28 - Skemman/skúrin merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Skúr sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

19**Númer: 2763-019****Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269842.2 N: 575826.0**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Matjurtagarðurinn var í hlíðinni aftan við Urðargötu 8.



Mynd 29 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Matjurtagarður sem nú er horfinn en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958. Urðargata 8 var byggð árið 1920 og mögulegt að matjurtagarðurinn hafi fylgt skömmu seinna.

20

Númer: 2763-020**Sérheiti:****Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269812.0 N: 575831.8**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Húsið stóð þar sem nú er bílastæði á milli húsanna Urðargata 8 og 12.



Mynd 30 - Húsið merkt með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Hús sem nú er horfið en sést á loftmynd af Patreksfirði frá 1958.

21

Númer: 2763-021**Sérheiti:****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 269786.9 N: 575866.1**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Matjurtagarðurinn var í hlíðinni aftan við Urðargötu 20.



Mynd 31 - Matjurtagarðurinn merktur með rauðum hring inn á loftmynd frá 1958

